

Alþingi
Erindi nr. P 139/1061
komudagur 21.12.2010

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 21.12.2010
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 6. desember 2010, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 298. mál. Fiskistofa þakkar umhverfisnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. Fiskistofa hefur yfirfarið frumvarpið og hefur eftirfarandi athugasemdir við það.

Í fyrsta lagi vill Fiskistofa benda á að lögin taka til allra vatnsfalla og stöðuvatna á Íslandi en um öll þeirra er skylt að mynda veiðifélög, sem skipuleggja nýtingu á fiskstofni viðkomandi veiðivatns og stuðla að sjálfbærri nýtingu hans. Aðilar veiðifélags eru þeir aðilar, sem land eiga að ánni eða vatninu, og í lögum um lax- og silungsveiði er gert ráð fyrir að ekki megi skilja nýtingarrétt veiðihlunninda frá jörðum og/eða fasteignum við veiðivötn. Þetta kerfi er einstakt og mjög frábrugðið því fyrirkomulagi sem viðgengst í Evrópulöndum innan ESB. Samkvæmt lax- og silungsveiðilöggjöfinni er veiðifélögum jafnframt skylt að hafa með sér heildarsamtök, sem gæti sameiginlegra hagsmuna þeirra. Þótt hér hafi verið ákveðið að mynda eitt vatnaráð fyrir allt landið, liggur fyrir að á meginlandi Evrópu er eitt vatnaráð fyrir hverja megin á og jafnvel fyrir þverár hennar að einhverju marki. Vatnaráðin eru því að mörgu leyti hliðstæða veiðifélaga hér á landi, þótt þátttaka einstakra landeigenda sé ekki fyrir hendi.

Í 3. grein eru nokkur nýmæli, þar með hugtakið strandsjór. Miðað við skilgreiningu orðsins tekur strandsjór til þess sjósvæðis þar sem fiskeldi er stundað og veiðihagsmunir gilda, svo sem fyrir grásleppu, sæbjúgu og aðrar tegundir. Fiskistofa vill vekja athygli á þessu og tengslum við lög og reglur þar að lútandi.

Samkvæmt 6. grein er hlutverk Vatnaráðs skilgreint. Miðað við hlutverk Vatnaráðs vekur það athygli að í því sitja ekki fulltrúar veiðifélaga eða landssambands þeirra en hinsvegar tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem gegna mun þýðingarminna hlutverki varðandi stjórnsýslu við ár og vötn. Það er mat Fiskistofu að huga ætti að því að fulltrúi frá landssambandi veiðifélaga eigi sæti í Vatnaráði enda eiga veiðifélög mikilla hagsmuna að gæta varðandi þær aðgerðir, sem ákveðnar verða varðandi ár og vötn landsins.

Samkvæmt ákvæði í 7. grein ber Umhverfisstofnun að vinna að vatnastjórnunaráætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum opinberra aðila, svo sem á sviði náttúruverndar, orkunýtingar, samgangna og skipulagsmála. Ekkert er minnst á að hafa jafnframt til hliðsjónar nýtingu fiskistofna í ám, vötnum og strandsjó og áætlunum um eldi á

sömu svæðum og leggur Fiskistofa til að áætlunin taki einnig mið af þeim þáttum við gerð vatnastjórnunaráætlunar.

Samkvæmt 8. grein laganna skal skipta Vatnaumdæminu í vatnasvæði samkvæmt ákvörðun í reglugerð. Skal þar taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum. Þessi skilgreining er mjög óljós og má telja líklegt að viðkomandi vatnasvæði komi til með að samsvara þeim félagssvæðum, sem nú eru undir stjórn veiðifélaga. Á hverju vatnasvæði skal vera vatnasvæðanefnd og í henni skulu sitja fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu, hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og einn fulltrúi frá Umhverfisstofnun, sem skal vera í forsvari. Þótt allar líkur séu á að viðkomandi svæði falli beint að umráðasvæði veiðifélags, er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir aðkomu viðkomandi heimaðila. Fiskistofa telur að eðlilegt væri að einn fulltrúi frá veiðifélagi á viðkomandi svæði væri aðili að vatnasvæðanefndinni, enda er hlutverk hennar samkvæmt lögum að samræma vinnu og afla upplýsinga á viðkomandi vatnasvæði vegna gerðar stöðuskýrslu, vöktunar- og aðgerðaráætlunar sem og vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmið. Ekki þarf að fjölyrða um hagsmuni veiðifélags gagnvart slíkum aðgerðum og nauðsyn þess að koma að sínum sjónarmiðum í ákvörðunarferlinu.

Í 9. grein er gert ráð fyrir að Fiskistofa eigi fulltrúa í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og vill Fiskistofa undirstrika mikilvægi þess, miðað við stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar á sviði fiskveiðistjórnunar, fiskeldis og lax- og silungsveiði, að hafa fulltrúa í nefndinni.

Í 3. málsgrein 21. greinar segir að ákvarðanir um ráðstafanir sem fram koma í aðgerðaáætlun skuli teknar af þar til bærum stjórnvöldum eða leyfisveitendum á grundvelli viðkomandi löggjafar. Hér vantar nánari skýringu að mati Fiskistofu um það til hverra er verið að vísa. Fiskistofa gefur meðal annars út rekstrarleyfi til fiskeldis og leyfi vegna mannvirkjagerðar og efnistöku í eða við veiðivötn og ár. Þessar leyfisveitingar geta haft áhrif á vatnsgæði, a.m.k. tímabundið.

Í 2. málsgrein 22. greinar er fjallað um vöktunaráætlun og þar segir að um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnanir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun gæðapátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns. Að mati Fiskistofu vantar nánari skýringu á því til hverra er verið að vísa þegar fjallað er um hlutaðeigandi stofnanir ríkis og bendir jafnframt á að til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir auk starfsleyfis.

Varðandi 25. grein vil Fiskistofa geta þess að í 5. grein laga nr. 71/2008 um fiskeldi, varðandi svæðaskiptingu fiskeldis segir: „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar-innar og viðkomandi sveitarstjórnar.“ Jafnframt fjallar auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt.

Samkvæmt 28. grein frumvarpsins skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd. Fiskistofa telur

greininni ábótavant að því leyti að ekki er minnst á stjórn veiða, fiskeldi, né aðra nýtingu í ám og vötnum sem falla undir stjórnsýsluhlutverk Fiskistofu. Í þriðju málsgrein er fjallað um afgreiðslu leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga og fjórðu málsgrein um að viðkomandi leyfisveitandi skuli endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð. Að mati Fiskistofu er þörf á að skilgreina betur þessa grein með hlutverk Fiskistofu í huga.

Í 32. grein er fjallað um breytingar sem verða á öðrum lögum við gildistöku þessara laga. Ekki er vikið að lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni nytjastofna sjávar, lax- og silungsveiðilögum, lögum um fiskeldi og telur Fiskistofa að meta þurfi hvort og þá hverju þurfi að breyta í þeim lögum með hliðsjón af gildistöku laga um stjórn vatnamála.

Í II. kafla athugasemda við frumvarp þetta er fjallað um stjórnsýslu vatnsverndar. Þar segir að Fiskistofa fari með stjórnsýslu vegna eldis nytjastofna sjávar og ferskvatnsfiska. Fiskistofa vill vekja athygli á því að í lögum um lax- og silungsveiði er lýst hlutverki Fiskistofu hvað varðar leyfi til vatnstöku og mannvirkjagerðar við ár og vötn, sem ekki síður tengist frumvarpi þessu.

Í V. kafla athugasemda við frumvarp þetta er fjallað um framkvæmd vatnsverndar. Frumvarpið setur kröfur um umhverfismarkmið og kveður á um hvernig þeim verður náð. Fiskistofa bendir á að hafa þarf í huga veiðiréttindi og nýtingu veiðifélaga varðandi kröfur um umhverfismarkmið.

Að öðru leyti gerir Fiskistofa ekki athugasemdir við þskj. 344 – 298. mál.

F. h. Fiskistofu


Eypór Björnsson
fiskistofustjóri